

Skatturinn AEO-vottun



Viðurkenndur rekstraraðili

AEO er vottun sem fyrirtækjum stendur til boða að sækja um hjá Skattinum. Fyrirtæki sem eru með starfsemi hér á landi og eru hluti af alþjóðlegu aðfangakeðjunni geta sótt um vottunina: Inn- og útflytjendur, framleiðendur, farmflytjendur og tollmiðlarar.

AEO-vottunin gefur til kynna að fyrirtækið sé öruggur hlekkur í aðfangakeðjunni og nýtur þar af leiðandi viðurkenningar Skattsins og tollyfirvalda í öðrum ríkjum.

AEO stendur fyrir „Authorized Economic Operator“ sem hefur verið nefnt „Viðurkenndur rekstraraðili“ á íslensku.

Ávinningur fyrirtækis

Beinn ávinningur*

- Forgangur við skoðun
- Færri tollskoðanir
- Mögulegt val á skoðunarstað
- Tilkynning um skoðun farms
- Gagnkvæm viðurkenning annarra ríkja

Óbeinn ávinningur

- Gæðamerki – traust og öruggt fyrirtæki
- Aukið samstarf við Skattinn
- Aukin meðvitund starfsfólks um öryggismál og ferla
- Betri yfirsýn yfir reksturinn
- Viðurkenning tollyfirvalda í öðrum ríkjum

*Með fyrirvara um eftirlitshagsmuni.



Alþjóðlegur ávinningur

Markmiðið er að AEO-vottun á Íslandi njóti viðurkenningar á alþjóðavettvangi og stuðli að aukinni samkeppnishæfni íslenskra útflytjenda. AEO-vottunin hérlendis hefur verið þróuð með það að leiðarljósi að tryggja hagstæða viðurkenningarsamninga við helstu viðskiptalönd Íslands og greiða fyrir alþjóðlegum viðskiptum og vöruflutningum íslenskra fyrirtækja.

AEO er alþjóðlega viðurkennd gæðavottun sem felur í sér að fyrirtækið er talið vera öruggur hlekkur í aðfangakeðjunni, hefur tileinkað sér ábyrga tollmeðferð og uppfyllir kröfur um alþjóðlega vöruflutninga.

Forsaga AEO

Í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin árið 2001 var gripið til þess ráðs að herða alþjóðlegar öryggiskröfur í vöruflutningum milli landa. Jafnframt var samstarf tollyfirvalda og atvinnulífsins eftt með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir hryðjuverk og skipulagða glæpastarfsemi. AEO varð hluti af tollalögum Evrópusambandsins (ESB) í upphafi árs 2008. AEO-áætlun ESB byggir á SAFE-regluverki Alþjóðatollastofnunarinnar og C-TPAT-áætlun Bandaríkjanna, auk ýmissa annarra alþjóðlegra öryggisstaðla. Hugmyndafræði AEO gengur út á að öryggi alþjóðlegra vöruheðjunnar aukist með auknum fjölda fyrirtækja sem hljóta AEO-vottun á heimsvísu.

Valfrjáls vottun

Fyrirtækjum er frjálst að sækja um AEO-vottun hjá Skattinum. Fyrirtæki sækja um vottunina á viðskiptalegum forsendum og mati á þeim ábata sem felst í því að vera vottaður viðurkenndur rekstraraðili.

Skilyrði

Fyrirtæki sem sækja um AEO-vottun þurfa að uppfylla fjögur grunnskilyrði:

- Reglufylgni
- Traust fjárhagsleg staða
- Fullnægjandi reikningshalds- og aðfangakerfi
- Viðunandi öryggis- og verndarstaðlar

Hægt er að nota sjálfsmatslista til að meta hvort fyrirtækið uppfyllir AEO skilyrðin. Sjálfsmatslistinn er aðgengilegur á vefsíðu Skattsins.

AEO er langtíma skuldbinding fyrirtækisins um að uppfylla alþjóðlegar öryggiskröfur og reglufylgni. Á móti hlýtur fyrirtækið AEO-vottun og telst vera traustur og ábyrgur rekstraraðili í alþjóðlegum vöruflutningum.

Umsóknarferli

Umsækjendur þurfa að fylla út umsókn ásamt ítarlegum sjálfsmatslista. Umsóknina og sjálfsmatslistann má senda má senda á netfangið aeo@skatturinn.is

Skatturinn

Tryggvagata 19, 101 Reykjavík

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar veitir Elvar Örn Arason, umsjónarmaður AEO. Sími 894 2409. Tölvupóstur: elvar.arason@skatturinn.is

